



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 14. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Fimmtudag, 24.03.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

Boðuð forföll: Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: VG

Helstu mál: Fundargerð s.f., þing KLÍ, þing ÍSÍ, þing ETBF, Norrænn fundur, nefndir, utandeild og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða með framkomnum breytingum.

2. Þing KLÍ:

Fyrri þingboð er farið, þingið verður haldið á Akranesi 12. maí 2011 kl. 19.00, þingforseti Hafsteinn Pálsson. Skil til sambandsaðila verður 28.04. á þinggögnum og kjörbréfum. Tillögur eiga að hafa borist til KLÍ þann 14 apríl, tillögur stjórnar og nefnda á sama tíma. Stefnt er að því að halda formannafund 19 apríl – þriðjudag. Stjórnarkjör: kjörtímabil VG og ÓK er að renna út og allra varamanna, ath með hvort verða til endurkjörs eða þarf að finna aðra til að taka sæti í staðinn.

3. Þing ÍSÍ:

Þing ÍSÍ verður haldið 8 og 9 apríl, fulltrúar KLÍ verða PI og PMP, GS og VG til vara.

4. Þing ETBF:

Þing ETBF verður haldið 10 júní í München. PI verður fulltrúi með athvæði og PMP fulltrúi.

5. Samnorrænn fundur:

Samnorrænn fundur verður haldinn í München 9 júní; daginn fyrir ETBF þing, PI og PMP verða fulltrúar KLÍ. Aðalumræðuefni verða: „Coaching system“ og „National team system“

6. Nefndir:

- Tækninefnd: PI hitti IGS og MM og fór yfir málefni nefndarinnar, þeir höfðu fengið lesara frá Þórði Kjartanssýni sem sýnir aðrar niðurstöður en lesari KLÍ, talað um að þeir fái AGO með sér til að taka prófun á lesurum og sjá hvernig kemur út. Heyrst hefur að IGS og BGS ætli að gera prófun í Öskjuhlíð um komandi helgi – 26/27 mars.
- Landsliðsnefnd: PI, PMP og VG hittu nefndina 3 mars og farið yfir þeirra mál, t.d. uppástungu um að taka ekki þátt í neinum fullorðins landsliðsmótum á þessu ári þ.e. ekki á EM karla eða HM kvenna, heldur að undirbúa landsliðshópana betur og senda fullt lið á EM á næsta ári þar sem þau verða úrtökumót f. HM 2013 sem verður haldið í Henderson, US, og verður sameiginlegt kk + kvk.

7. Utandeild KLÍ:

Úrslit á einu kvöldi ? eftir að klára, 3 lið búið að svara og allir jákvæðir. Skipting í lið fyrir úrslit, t.d. 8 manns skráð í lið en bara 4 spilað, má henda hinum út og taka inn nýja?

Almenn túlkun stjórnamanna að menn verði að skila leik/leikjum með liði yfir veturinn til að geta tekið þátt í úrslitum. Þí svarar Ólafi sem lagði fram spruninguna.

8. Önnur mál:

Keilari ársins, setja á vinnuhóp sem kemur með „úrbætur“ á skilgreiningum og töflum með þeim formerkjum að ekki sé hægt að breyta þeim stigum sem einstaklingar hafa unnið sér inn nú þegar. Óskað verði eftir tilnefningum í hópinn frá félögum og óskað jafnframt eftir að koma með tillögu sem fyrst.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:30 – næsti fundur áætlaður 7 apríl.